

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Fjarðabyggð



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. júlí 2015  
UST201506-118/S.P.  
09.07.01

### Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - Helgustaðanáma

Umhverfisstofnun hefur til meðferðar erindi Fjarðabyggðar, dagsett 12. júní 2015, þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til þess að endurbæta áningarstað við efra og neðra op í Helgustaðanámu.

Helgustaðanáma var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 525/1975. Hvers kyns jarðrask er bannað nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Helgustaðanáma var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra tíu svæða sem stofnunin telur hætt við að missi verndargildi sitt. Svæðið var enn á rauðum lista árið 2014 vegna mikils álags og þarfnast viðgerða. Svæðið er mikið sótt af íslenskum og erlendum ferðamönnum.

### Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um leyfi Umhverfisstofnunar um að endurbæta áningarstað við veginn, meðal annars setja upp salernishús, upplýsingaskilti og bekki. Uppsetningu varnargirðinga við efra og neðra námu op. Ásamt því að gera nýjan stíg frá áningarstað og upp að aðalstíg (silfurstíg). Áætlaður verktími er einn til þrjú mánuðir á tímabilinu júlí til september 2015. Verkið verður boðið út og fer það eftir verktaka hversu margir starfsmenn munu koma að verkinu. Koma þarf vélum þar sem útbúinn verður nýr stígur og vatnsrás og einnig þar sem lögnum verður komið fyrir. Framkvæmdin mun hafa í för með sér rask á jarðvegi og gróðri þar sem áningarstaðurinn við veginn verður stækkaður, gerður verður nýr stígur sem tengist aðalstígnum og ný vatnsrás. Gengið verður frá og landinu lokað með viðeigandi hætti.

### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur framkvæmdina, eins og henni er lýst hér að framan, vera til bóta fyrir hið friðlýsta svæði, felur framkvæmdin í sér endurbætur og stuðlar að betri og öruggari umgengi um svæðið. Þá er framkvæmdin í samræmi við gildandi deiluskipulag á svæðinu.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdunum með eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal samband við Umhverfisstofnun þegar framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.
- Öllu raski við framkvæmdina skal haldið í algeru lágmarki, með virðingu fyrir náttúrunni í fyrirrúmi.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávik frá ofangreindi verklýsingu.
- Fjarðarbyggð skal sjá til þess að sá verktaki sem mun sjá um framkvæmdina kynni fyrir starfsfólki sínu reglur friðlýsingar og friðlýsingarskilmála sem gilda á svæðinu.
- Ef nota þarf vinnuvélar innan hins friðlýstasvæðið skulu þær ekki vera stærri en þörf krefur á.
- Vanda skal við allan frágang á svæðinu.


Umhverfisstofnun mælir með því að skiltagerð verði í samræmi við skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Ferðamálastofu. Handbókin er aðgengileg á vef Umhverfisstofnunar.


Umhverfisstofnun vekur athygli á því að afstaða jarðeiganda, íslenska ríkisins, liggur ekki fyrir.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með frágangi á svæðinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

  
Svava Pétursdóttir  
Sérfræðingur

\*Afrit: Ríkiseignir.